

10. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

12. mars 2020 kl. 14.00

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir), og Unnsteinn Eggertsson (H) sem var símleiðis. Einnig sátu fundinn Ingibjörg B. Baldursdóttir, leikskólastjóri, Edda Arndal, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Fundargerð ritaði Elsa Ingjaldsdóttir.

FUNDARSTAÐUR: LEIKSKÓLINN UNDRALAND

DAGSKRÁ:

1. Covid-19, upplýsingar/aðgerðir leikskólans
 2. Frá leikskólastjóra:
 - a. Skýrsla skólastjóra
 3. Skóladagatal
 4. Gátlisti, lagalegir eftirlitsþættir skólanefnda, töluliður 11 (6 liðir)
 5. Til upplýsinga/umræðna
 - a. „Menntun fyrir alla” – Skýrsla Mennta- og menningarmálaráðuneytis
 - b. Hljóðvist
 6. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi
-

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið, sérstaklega Jóna Bjarnason nýjan aðalmann í skólanefnd, og Eddu Arndal, frá foreldraráði. Hún óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Covid-19, upplýsingar/aðgerðir leikskólans.

Skólastjórnendur fóru yfir málið og gerðu grein fyrir helstu aðgerðum til að draga úr líkum á smiti og aðgerðum ef til þess kemur að loka þurfi leikskólanum vegna COVID-19.

Unnið er að viðbragðsáætlun í samráði við leiðbeiningar Sóttvarnalæknis. Verklag við handþvott og sóttthreinsun hefur verið viðvarandi vegna ma. njálgs.

Skólanefnd tekur undir sjónarmið leikskólastjóra að fara að tilmælum Almannavarna og bregðast við skv. fyrirmælum opinberra aðila í einu og öllu. Mikilvægt sé að skólalald geti gengið með eðilegum hætti eins lengi og leyft er.

Ennfremur treystir skólanefnd leikskólastjóra til að meta aðstæður sem geta komið upp hverju sinni.

2. Frá leikskólastjóra:

- a. Skýrsla skólastjóra

Lifið hér á leikskólanum er í nokkuð föstum skorðum. Nokkrir í námi og starfsfólk hefur farið á námskeið á vegum Skólaþjónustunnar. Allt starfsfólkið fór á skyndihjálparnámskeið sem Björgunarfélagið Eyvindur bauð upp á og var það liður í að vinna af sér starfsdaga á skóladagatali.

Við lokuðum leikskólanum 14.febrúar þar sem gefin hafði verið út rauð veður viðvörðun.

Skólastjóri fór á morgunverðarfund RannUng þar sem yfirskriftin var: Faglegir leiðtogar í leikskólastarfi.

Dagur leikskólans var 6. febrúar.

Njálgurinn kíkta aftur til okkar en vonandi voru það einangruð tilfelli.

Verkföll voru boðuð hjá starfsmönnum sem eru í FOSS 9.-10. mars en samið var áður en þau skulu á. Fyrir lá að loka þyrfti einni deild og að fækka myndi starfsfólki á hinum deildunum. Biðlað var til foreldra barna á Heiðarkoti og Skógarkoti að hafa börn heima ef þau hefðu einhver tæk á því, foreldrar tóku vel í þá beiðni og er gott að vita af samstöðu þegar á reynir.

Eitt barn byrjaði 1. mars í vistun hálfan daginn og kemur svo í fulla vistun í byrjun apríl. Við gátum bara boðið upp á vistun hálfan daginn þar sem staðan á starfsfólki í húsi bauð ekki upp á vistun allan daginn. Ég vil enn og aftur ítreka að það er skólalastjóri, í samráði við sveitarstjóra, sem ákveður fjölda barna á leikskólanum og horfi ég þá til samsetningar barnahópsins og fjölda starfsmanna á hverjum tíma. Einnig vil ég ítreka að ekkert má útaf bregða til þess að við getum haldið uppi faglegu starfi ef það vantar starfsfólk í hinar ýmsu afleysingar í húsið.

Önnur umsókn um vistun barst í byrjun mars og það barn byrjar 15. apríl hjá okkur.

Starfsfólk tók þátt í Lífshlaupinu og stóð sig vel þar, vonandi heldur hópurinn áfram að hreyfa sig þó formlegri keppni sé lokið.

Eins og áður hefur komið fram erum við að vinna af okkur starfsdaga og höfum setið ýmis námskeið. Má þar t.d. nefna námskeið um Vináttu námsefnið okkar, tákn með tali og færni til framtíðar. Til skoðunar er að fá Hrafnhildi Karlsdóttur hjá Skólalþjónustunni til að hafa námskeið fyrir allt starfsfólk um almenn vinnubrögð á leikskólanum. Það er eitthvað sem þarf alltaf að vera að rifja upp og vera með fyrir nýtt starfsfólk, en allir munu sitja þetta námskeið. Eins er í skoðun að starfsmenn sem eru í námi verði með kynningu fyrir starfsfólk á því sem þeir eru að læra og tengja við starfið á leikskólanum. Þarna horfum við sérstaklega til sérkennslunnar.

Við erum með tvo nema í vettvangsnámi hjá okkur, þær byrjuðu 2. mars og verða út þessa viku. Freyja og Katrín eru með þær undir sinni leiðsögn.

3. Skóladagatal

Leikskólalastjóri fór yfir drög að skóladagatali fyrir Undraland fyrir ágúst 2020 til júlí 2021. Samkvæmt framlögðu skóladagatali er gert ráð fyrir 5 vikna sumarleyfislokun í stað 6 vikna. Drögin lögð fram til kynningar. Samþykkt að taka leikskóladagatalið til afgreiðslu á næsta fundi eða þegar fyrir liggja drög að skóladagatali Flúðaskóla.

4. Gátlisti, lagalegir eftirlitsþættir skólanefnda, töluliður 11 (7 liðir)

- 11. Hafa leikskólar sveitarfélagsins aðgang að sérfræðipjónustu vegna leikskólabarna? (Gr. 21 og Rg.584/2010)
Svar: Já
- 11. Veitir sérfræðipjónustan stuðning við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra? (Gr. 21 og Rg.584/2010)
Svar: Já
- 11. Veitir sérfræðipjónustan stuðning við starfsemi og starfsfólk leikskóla? (Gr. 21 og Rg.584/2010)
Svar: Já

- 11. Kemur fram í skólastefnu sveitarfélagsins hvernig markmiðum reglugerðar um sérfræðikennslu nr. 584/2010 verði náð?
Svar: Nei, það kemur fram í skólanámsskrá, ekki skólastefnu
- 11. Hefur sveitarfélagið frumkvæði að samstarfi og gagnkvæmri upplýsingamiðlun á milli fagaðila innan sveitarfélagsins vegna barna með sérþarfir? (Gr. 21 og Rg. 584/2010)
Svar: Já, í gegnum leikskólann.
- 11. Hefur sveitarfélagið frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra barna? (Gr. 21 og Rg. 584/2010)
Svar: Já, í gegnum leikskólann.
- 11. Hefur sveitarstjórn sett verklagsreglur um meðferð beiðna um sérfræðipjónustu? (Rg. 584/2010)
Svar: Já í gegnum Skólapijónustuna

5. Til upplýsinga/umræðna

a. „Menntun fyrir alla“

Lögð fram til upplýsinga skýrsla Mennta- og menningarmálaráðuneytis „Menntun fyrir alla- horft fram á veginn“.

Í skýrslunni eru settar fram tillögur í sjö liðum sem miða að því að efla menntun fyrir alla í íslenskum skólum.

Leikskólastjóri vill sérstaklega benda á kafla 4. – starfsaðstæður í skólum.

b. Hljóðvist

Leikskólastjóri greindi frá upplifun starfsmanna af hljóðvist húsnæðisins en fram kom í máli hennar að í miðrými leikskólans geti skapast mikill hávaði.

Undir þessum lið var jafnframt rætt um fyrirhugað loftræstikerfi sem enn er ókomið.

6. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

- a. Gátlisti, töluliðir 12 og 13
- b. Skóladagatal

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45

Næsti fundur ákveðinn 30. apríl næstkomandi